

**Nd.**

**384. Frumvarp til laga**

um styrk til Íslendinga vestan hafs til náms í íslenskum fræðum í Háskóla Íslands.

(Eftir 2. umr. í Nd.)

1. gr.

Kennslumálaráðherra skal heimilt að veita manni af íslenskum ættum, einum í senn, sem búsettur er í Kanada eða Bandaríkjum Norður-Ameríku og lokið hefur stúdentsprófi þar, styrk úr ríkissjóði til náms í íslenskum fræðum í heimspekideild Háskóla Íslands.

2. gr.

Námsstyrkur samkvæmt 1. gr. skal miðaður við það, að nemandinn fái greiddan hæfilegan kostnað af húsnæði, fæði og kaupum nauðsynlegra námsbóka. Ráðherra úrskurðar kostnað þennan, að fengnu álitum heimspekideildar háskólans, og skal fæðis- og húsnæðiskostnaður greiddur á mánuði hverjum fyrirfram.

3. gr.

Ráðherra ákveður, hver styrks þessa skuli verða aðnjótandi í hvert sinn, að fengnum tillögum stjórnar Þjóðræknisfélags Íslendinga í Vesturheimi og heimspekideildar Háskóla Íslands.

Sá, er styrk hlýtur, skal njóta hans meðan hann stundar nám í deildinni, þó aldrei lengur en 4 ár.